



Ofbeldi í nánum samböndum. Heilbrigðisstarfsfólk – lögregla

Ingólfur V. Gíslason
Dósent, Háskóli Íslands



Af hverju heilbrigðisþjónustan?

- Rannsóknir benda til að margar konur sem búið hafa eða búa við, ofbeldi, leiti til heilbrigðisþjónustunnar vegna óljósra einkenni sem eiga rætur í ofbeldinu
- Ofbeldiskönnunin frá 1996 sýndi að 25,9% kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi leituðu til heimilislæknis og 17% á slysavarðstofu



Forvitnast um:

- Skráningu ofbeldismála
- Skimun
- Viðbrögð
- Hvort úrræði teldust fullnægjandi
- Hvort þekking væri fullnægjandi
- Tilfinningu fyrir þróun málafjölda



Skimun

- Hvergi allsherjar skimun
- Á tveimur stöðum skimað meðal þungaðra kvenna
- Skimað meðal fíkla á tveimur stöðum
- Víða verið rætt



Viðbrögð

- Viðbrögð fara fyrst og fremst eftir mati viðkomandi starfsmanns
- Fastmótaðar leiðir yfirleitt ekki fyrir hendi



Úrræði

- Almennt talið að úrræði væru ekki nægilega þekkt
- Kvennaathvarfið, Stígamót og annað starfsfólk viðkomandi stofnunar oftast nefnt og svo félagsþjónustan



Þekking

- Ósk um meiri fræðslu
- Sérstaklega voru nefnd tvö svið
- - hvernig á að spyrja
- - hvað getur verið vísbending



Þróun málafjölda

- Afar fá mál (1 – 2 á áratug)
- Þar af leiðandi engin sérstök tilfinning fyrir þróun



Tillögur

- Fræðsla verði hluti af grunnnámi allra starfshópa í heilbrigðiskerfinu
- Starfsfólki verði séð fyrir endurmenntun á sviðinu
- Skimunartilraun á nokkrum heilsugæslustöðvum
- Skilgreindir verði verkferlar þegar í ljós kemur að vandi konu stafar af ofbeldi



Tillögur

- Skoðað verði hvort skynsamlegt sé að spurningar um ofbeldisreynslu verði í mæðraskrá
- Hugað verði að leiðum til að upplýsingar um ofbeldisreynslu verði í sjúkrasögu einstaklinga



Athugunarefni hjá lögreglu

- 1. Hvernig er háttað skráningu mála þegar í ljós kemur að kona hafi verið beitt ofbeldi af nákomnum aðila.
- 2. Hvernig er verklag lögreglunnar varðandi ofbeldi í nánum samböndum.
- 3. Er einhver sérhæfing innan lögreglunnar á þessu sviði?
- 4. Við hvaða stofnanir er helst samvinna og telst sú samvinna fullnægjandi.
- 5. Telur lögreglan sig hafa næg úrræði til að fást við ofbeldi í nánum samböndum og ef ekki, hvað skorti þá helst.
- 6. Hvernig er kenngslu í Lögregluskólanum háttað hvað þessi brot varðar?



3. Sérhæfing

- *Sérhæfing á þessu sviði er til staðar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins og í vissum mæli einnig hjá öðrum embættum. Á höfuðborgarsvæðinu er sérstök deild sem sér um málaflokkinn, annars staðar er fremur reynt að sjá til þess að sömu menn sinni sem oftast slíkum málum. Lögreglumenn hafa verið sendir í sérstaka þjálfun m.a. til útlanda til að vera betur í stakk búnir til að takast á við þennan brotaflokk.*



4. Samvinna

- *Ekki er um að ræða formlegt samstarf lögreglu við aðrar stofnanir sem tengjast ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Í samræmi við lög er barnaverndarnefnd látin vita ef barn eða börn eru á heimili sem lögregla er kölluð til. Að auki ekur lögreglan þolendum í Kvennaathvarf ef þess er óskað. Þörf væri á samvinnu við félagsmálayfirvöld en ekki er ljóst hvort lögreglan getur haft slíkt samstarf innan ramma núgildandi laga*



5. Úrræði

- *Á heildina litið virðist lögreglan meta það svo að þau úrræði sem hún hefur nú séu nægjanleg. Meiri þörf sé á að auðvelda aðgengi að félagslegum úrræðum eða sálfræðilegum.*